

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1274****2023/EES/63/09****frá 29. júlí 2019****um jafngildi laga- og eftirlitsramma fyrir viðmiðanir í Ástralíu í samræmi við reglugerð  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæmingum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 <sup>(1)</sup>, einkum 30. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er innleiddur sameiginlegur rammi til að tryggja nákvæmni og heilleika vísitalna sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæmingum og fjárhagslegum samningum eða til að meta árangur fjárfestingarsjóða í Sambandinu.
- 2) Sú reglugerð gildir frá og með 1. janúar 2018 og stjórnendur utan Sambandsins njóta umbreytingartímabils sem heimilar notkun viðmiðana þriðja lands í Sambandinu. Að loknu umbreytingartímabilinu má aðeins nota viðmiðun eða samsetningu viðmiðana frá stjórnanda sem er staðsettur í þriðja landi í Sambandinu ef viðmiðunin og stjórnandinn eru í skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðheldur eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun um jafngildi eða lögbær yfirvöld hafa samþykkt eða stutt hana.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framkvæmdarákvarðanir sem tilgreina að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að því er varðar tiltekna stjórnendur eða tiltekna viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana jafngildi kröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2016/1011. Við mat á slíku jafngildi tekur framkvæmdastjórnin tillit til þess hvort lagarammi og eftirlitsvenjur þriðja lands tryggi að farið sé að meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði eða, eftir atvikum, meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð og að slíkir sértækir stjórnendur eða sértækar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í því þriðja landi.
- 4) Viðmiðunum eins og Australian Bank Bill Swap Rate og S&P/ASX 200 vísitölunni er stjórnað í Ástralíu og eru notaðar í Sambandinu af fjölda eftirlitsskyldra aðila. Af þessum sökum lagði framkvæmdastjórnin mat á fyrirkomulag viðmiðana í Ástralíu.
- 5) Lagaramminn um að koma á, hafa eftirlit með og stjórna viðmiðunum í Ástralíu hefur að geyma leyfiskerfi og veitir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu (e. *The Australian Securities and Investments Commission (ASIC)*) valdheimildir. Samkvæmt honum skulu stjórnendur mikilvægra viðmiðana einnig fá leyfi frá verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu til að starfa sem stjórnandi viðmiðunar. Að því er varðar viðmiðanir sem verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu lítur ekki á sem mikilvægar gerir lagaramminn í Ástralíu stjórnendum kleift að velja landsbundinn regluramma með því að sækja um leyfi frá verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu í samræmi við þátt 908BD í lögum um fyrirtæki (Corporations Act) og falla þar af leiðandi undir reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um stjórnendur og aðila sem leggja fram gögn.
- 6) Leyfishafar verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu þurfa að uppfylla skilyrði leyfisins og fjölda lagalegra krafna. Lagalega bindandi kröfur til stjórnenda eru settar fram í lögum um fyrirtæki frá 2001, reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (stjórnsýsla) (ASIC Financial Benchmark (Administration) Rules) frá 2018 og reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (bindandi) (ASIC Financial Benchmark (Compelled) Rules) frá 2018. Í leiðarvísi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um reglur 268 (ASIC Regulatory Guide 268) sem ber yfirskriftina „Reglur um leyfisveitingar til stjórnenda fjármálaviðmiðana“ (Licensing regime for financial benchmark administrators (RG 268)) eru veittar nánari leiðbeiningar fyrir stjórnendur viðmiðana. Með hluta 7.5B í lögum um fyrirtæki (eins og honum var breytt með Treasury Laws Amendment (2017 Measures No 5) Act) frá 2018 er lagaramminn um reglusetningu um fjármálaviðmiðanir innleiddur.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 16.2.2023, bls. 44.

(1) Stjttíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

- 7) Í samræmi við þátt 908AC í lögum um fyrirtæki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu, með lagagerningi, lýst því yfir að fjármálaviðmiðun sé mikilvæg viðmiðun. Aðeins þær viðmiðanir sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lagagerðinni má tilgreina sem mikilvægar viðmiðanir. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu skal vera fullviss um að: i. viðmiðunin sé kerfislega mikilvæg fyrir fjármálakerfi Ástralíu eða ii. veruleg hættu sé á fjárhagslegum smitáhrifum eða fjármálaóstöðugleika í Ástralíu ef tiltækileiki eða heilleiki viðmiðunarinnar raskast eða iii. röskun á tiltækileika eða heilleika viðmiðunarinnar myndi hafa veruleg áhrif á almenna fjárfesta eða heilðsölu fjárfesta í Ástralíu.
- 8) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu hefur lýst því yfir að fjölmargar fjármálaviðmiðanir séu mikilvægar viðmiðanir með gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 (ASIC Corporations (Significant Financial Benchmarks) Instrument). Þessi ákvörðun takmarkast við stjórnendur þeirra viðmiðana sem skráðar eru í síðustu gildandi útgáfu á gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420. Þessi ákvörðun nær ekki yfir stjórnendur fjármálaviðmiðana sem uppfylla skilyrði um undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) 2016/1011 í samræmi við 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 9) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur veitt stjórnanda viðmiðunar leyfi að því er varðar eina eða nokkrar fjármálaviðmiðanir. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu skal hafa í huga þættina sem settir eru fram í 2. mgr. í þætti 908BO í lögum um fyrirtæki þegar ákvörðun er tekin um að veita leyfi, beita, breyta eða afturkalla skilyrði leyfis, breyta, fella tímabundið niður eða fella úr gildi leyfi. Aðili telst vera brotlegur ef hann stjórnar (eða heldur fram að hann stjórnar) mikilvægri viðmiðun en hefur ekki starfsleyfi sem stjórnandi viðmiðunar sem tilgreinir fjármálaviðmiðunina.
- 10) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu samþykkti reglur um fjármálaviðmiðanir (stjórnsýsla) (ASIC Financial Benchmark (Administration) Rules) frá 2018 („Stjórnsýslareglurnar“) samkvæmt þætti 908CA í laga um fyrirtæki og reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fjármálaviðmiðanir (bindandi) 2018 („Bindandi reglurnar“) samkvæmt þætti 908CD í lögum um fyrirtæki. Í stjórnsýslareglunum er mælt fyrir um kröfur til þeirra sem hafa leyfi sem stjórnendur viðmiðana og aðila sem leggja gögn til viðmiðana, þ.m.t. kröfur um stjórnarhætti og eftirlit, útvistun, vernd gegn hagsmunaárekstrum, hönnun viðmiðana og aðferðir og ílagsgögn. Bindandi reglurnar eiga við um skyldubundna gerð eða stýringu mikilvægrar viðmiðunar eða skyldubundinnar framlagningar til mikilvægrar fjármálaviðmiðunar.
- 11) Við gerð stjórnsýslareglanna tók verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu tillit til meginreglna Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fjármálaviðmiðanir eins og krafist er samkvæmt þætti 908CK í lögum um fyrirtæki. Þar að auki tók verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu tillit til laga- og eftirlitsrammanna að því er varðar viðmiðanir í þriðju löndum, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/1011, sem og annars fyrirkomulags í Ástralíu um leyfisveitingar í fjármála-geiranum.
- 12) Í skýringunum við stjórnsýslareglurnar er tekið fram hvernig stjórnsýslareglur og bindandi reglur verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu endurspeglar meginreglur Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Sérstaklega er tekið fram í stjórnsýslareglunum að regla 2.1.2 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fyrirkomulag stjórnarhátta að því er varðar fjármálaviðmiðanir. Regla 2.1.3 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um eftirlit með þriðju aðilum sem taka þátt í að framleiða eða stjórna hverri fjármálaviðmiðun sem tilgreind er í leyfi leyfishafa til að stjórna viðmiðun. Regla 2.1.4 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um hagsmunaárekstra stjórnenda fjármálaviðmiðana. Regla 2.2.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um hönnun viðmiðana. Regla 2.2.2 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um fullnægjandi gögn og innra eftirlit með gagnasöfnunum. Regla 2.2.3 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um inntak aðferðafræði sem notuð er til að ákvarða fjármálaviðmiðun. Ákvæði 1. mgr. undirreglu 2.2.4 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um breytingar á aðferðafræðinni sem notuð er til að taka ákvarðanir um fjármálaviðmiðanir. Regla 2.3.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um eftirlitsrammann um stjórnendur þar sem hún varðar áhættustýringu, sem og helstu kröfur annarra laga í Ástralíu um leyfisveitingu. Regla 2.4.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um skipulagningu á umbreytingu eða aflagningu viðmiðunar sem leyfi er fyrir. Regla 2.5.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um háttisreglur aðila sem leggur fram gögn. Regla 2.6.1 samsvarar meginreglum Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um gagnsæi ákvarðana um viðmiðanir.
- 13) Þar að auki veitir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu stofnunum sem falla undir stjórnsýslareglurnar og bindandi reglurnar leiðbeiningar um eftirlit (RG 268). Þar er sett fram túlkun Verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu á lögnum og veittar hagnýtar leiðbeiningar um það hvernig stofnanir geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að bindandi kröfur að því er varðar stjórnun mikilvægra viðmiðana eins og þær eru tilgreindar í gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 séu jafngildar samsvarandi kröfum í reglugerð (ESB) 2016/1011.

- 15) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er þess einnig krafist að kröfurnar falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli í þriðja landinu.
- 16) Stjórnendur viðmiðana sem hafa starfsleyfi í Ástralíu falla undir áframhaldandi eftirlit og umsjón verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Í þætti 908AF í lögum um fyrirtæki er kveðið á um að verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu beri ábyrgð á eftirliti með fjármálaviðmiðunum sem hafa leyfi. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu ber einnig ábyrgð á því að framfylgja því að stjórnendur viðmiðana standi við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum um fyrirtæki, stjórnvaldsreglunum og bindandi reglunum, og framkvæmi reglulega mat á því að stjórnendur viðmiðana fullnægi skyldum sínum samkvæmt leyfinu.
- 17) Samkvæmt þætti 908BQ í lögum um fyrirtæki og reglu 2.8.1 í stjórnvaldsreglunum er þess krafist að stjórnendur viðmiðana tilkynni verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu um tiltekin málefni, þ.m.t. ef leyfishafi uppfyllir ekki eða getur ekki lengur uppfyllt eftirlitsskyldur sínar. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur lagt mat á það hvort leyfishafi fari að lögnum um fyrirtæki, í samræmi við þætti 908BR og 908BS í lögnum um fyrirtæki og reglur 2.8.2 og 2.8.3 í stjórnvaldsreglunum. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur einnig óskað eftir skýrslu um hvaða málefni sem er í samræmi við þátt 908BV í lögnum um fyrirtæki og óskað eftir yfirlýsingu endurskoðanda um skýrslu leyfishafa um þessi málefni. Samkvæmt þætti 908BW í lögnum um fyrirtæki er verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu falið vald til að gera matskýrslur, deila þeim skýrslum með tilteknum stofnunum ríkisstjórnar Ástralíu ef nauðsyn krefur og birta þessar skýrslur.
- 18) Ef stjórnandi viðmiðunar uppfyllir ekki eftirlitsskyldur sínar getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu samkvæmt þætti 908BT í lögnum um fyrirtæki veitt leyfishafa skriflegar leiðbeiningar um að gripa til sértækra aðgerða sem Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu telur að muni tryggja að leyfishafi uppfylli þessar skyldur. Ef leyfishafi fer ekki að þessum skriflegu leiðbeiningum getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu farið með málið fyrir dómstóla, sem geta síðan skipað leyfishafanum að fara að leiðbeiningum verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Samkvæmt þáttum 908CH og 908CI í lögum um fyrirtæki getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu gefið út tilkynningar um brot eða samþykkt skuldbindingar stjórnenda sem hafa ekki uppfyllt eftirlitsskyldur sínar. Í þætti 908CG í lögnum um fyrirtæki er kveðið á um ramma sem stjórnandi sem staðhæft er að hafi farið gegn stjórnvaldsreglunum getur fylgt, í stað einkamáls, til að greiða sekt, framkvæma eða skipa fyrir um ráðstafanir til úrbóta (þ.m.t. fræðsluáætlanir), eða samþykkt viðurlög önnur en greiðslu sektar. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað leyfi við tilteknar aðstæður samkvæmt þáttum 908BI og 908BJ í lögnum um fyrirtæki.
- 19) Bindandi reglurnar gera verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu kleift, ef hún telur það vera til hagsbóta fyrir almenning, að skipa leyfishafa að halda áfram að gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun, eða gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun með tilteknum hætti, þ.m.t. með því að breyta aðferðinni sem er notuð til að gera eða stjórna mikilvægri viðmiðun. Bindandi reglurnar gera verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu einnig kleift að knýja aðila til að leggja fram gögn eða upplýsingar til leyfishafa til gerðar eða stjórnunar mikilvægrar viðmiðunar eða til verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu í þeim tilgangi að gera eða stýra mikilvægri viðmiðun.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að hinar bindandi kröfur að því er varðar stjórnendur viðmiðunar sem telst vera mikilvæg fjármálaviðmiðun samkvæmt gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420 falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 21) Stjórnendur viðmiðana í Sambandinu þurfa ekki að fá leyfi til að nota viðmiðanir sínar í Ástralíu nema viðmiðun þeirra sé tilgreind sem mikilvæg viðmiðun af verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu eða ef stjórnandi viðmiðunar óskar af sjálfsdáðum eftir því að fá starfsleyfi í Ástralíu. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu upplýsti framkvæmdastjórnina um að hún hefði enga fyrirætlan um að tilnefna viðmiðanir ESB sem mikilvægar.
- 22) Til fyllingar þessari ákvörðun mun koma samstarfsfyrirkomulag til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti og samræmingu eftirlitsstarfsemi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu.
- 23) Þessi ákvörðun er á grundvelli mats á gildandi lagalega bindandi kröfum að því er varðar viðmiðanir í Ástralíu þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun áfram hafa reglulegt eftirlit með markaðsþróun, þróun laga- og eftirlitsramma um viðmiðanir og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd með því hvort skilyrðin um að tryggja viðvarandi uppfyllingu á kröfunum sem þessi ákvörðun byggist á hafi verið uppfyllt.
- 24) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á vald framkvæmdastjórnarinnar til að takast á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti þessa ákvörðun.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er varðar 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 telst laga- og eftirlitsrammi Ástralíu, sem gildir um stjórnendur fjármálaviðmiðana sem eru yfirlýstar mikilvægar viðmiðanir samkvæmt nýjustu gildandi útgáfu af gerningi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu um fyrirtæki (mikilvægar fjármálaviðmiðanir) 2018/420, vera jafngildur kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1011 og falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---